



# LEIKSKÓLADEILDIR ÞINGEYJARSKÓLA

**Leikskólinn Barnaborg og Leikskólinn Krílabær** leita að áhugasömum einstaklingum í framtíðarstörf. Leikskólarnir eru hluti af Þingeyjarskóla, samreknum leik-, grunn- og tónlistarskóla með rétt um 100 nemendur. Þar af eru tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Í Barnaborg í Aðaldal eru 25 börn á aldrinum 1 árs til 5 ára. Í Krílabæ á Laugum eru 5 börn á aldrinum 2ja til 4ra ára. Í starfi skólanna er lögð áhersla á að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

## Auglýstar stöður:

Leikskólakennari í Barnaborg, 80-100% starf

Leiðbeinandi í Barnaborg, 80-100% starf

Leiðbeinandi í Krílabæ hlutastarf

Einstakling til afleysinga m.a. í eldhúsi og við þrif

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn) eða menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi á leikskólastigi er æskileg.
- Áhugi á starfi með börnum og velferð þeirra.
- Lipurð og mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Ábyrgð, samvirkusemi og stundvísi.
- Hreint sakavottorð.

Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu er leitað eftir einstaklingi með aðra menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi sbr. lög nr. 95/2019.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Ráðið er í störf frá 15. október 2024 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri í síma 464-3590/898-0790 eða í gegnum netfangið [nanna@thingskoli.is](mailto:nanna@thingskoli.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 4. október**

Umsóknum skal skila á netfangið [nanna@thingskoli.is](mailto:nanna@thingskoli.is)